

Varðar: Elliðavatnsstífla, framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn Orkuveitu Reykjavíkur dags. 27. apríl 2023, um framkvæmdaleyfi fyrir borun hola vegna mælinga á grunnvatnsstöðu í og við Elliðavatnsstíflu. Fyrirhugað er að bora 6 holur í tveimur sniðum. Í hvoru sniði fyrir sig er ein hola staðsett á miðjum stíflutoppnum, önnur í miðjum fláa stíflunnar loftmegin og sú þriðja rétt neðan við stíflutá, samkvæmt verkefnalýsingu, ódags. Einnig eru lagðar fram Skýringar og hnitaskrá, ódags., og ljósmynd, ódags.



Yfirlitsmynd, borholur, sveitarfélagamörk.

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskylt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

Fram kemur í framkvæmdaáætlun að fyrirhugað er að bora holurnar með litlum bor sem ekur að borstöðunum á beltum. Ekið verður að stíflunni eftir slóða sem fyrir er. Þá verða holurnar boraðar ein af annarri. Tvær holur sem staðsettar eru uppi á miðjum stíflutoppi þarf að bora ofan af stíflunni en hinar eru boraðar af flötu landi neðan stíflu. Með bornum fylgir kerra með dælubúnaði og þjónustubíll. Ráðgert er að borun taki 3 daga flutningi tækja á staðinn, undirbúningi og frágangi.



Niðurstaða

Samþykkt er að veita framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd í samræmi við meðfylgjandi gögn. Framkvæmdin er hluti af vöktunarferli með tilliti til öryggis mannvirkisins og er lítil að umfangi.

Leyfið er gefið út til 1 árs frá útgefnum degi, en verði séð fram á breytingar á áætlun, þ.e. framkvæmdir tefjast að verulegu leyti þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Virða skal allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eins og mögulegt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt.

Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum, sem og ef framkvæmdir stöðvast yfir lengri tíma í miðju verki. Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.

